

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2015

2016/EES/69/29

frá 11. júní 2015

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2014 frá 9. apríl 2014 um ítarlegar reglur um beitingu reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2121/98 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 361/2014 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2121/98 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009):
„32aa. **32014 R 0361**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2014 frá 9. apríl 2014 um ítarlegar reglur um beitingu reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2121/98 (Stjtið. ESB L 107, 10.4.2014, bls. 39).“
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
 - a) EFTA-ríkin skulu viðurkenna ESB-skjöl sem aðildarríki ESB gefa út og aðildarríki ESB skulu viðurkenna skjöl sem EFTA-ríkin gefa út.
 - b) Í stað orðsins „löggjöf Sambandsins“ í 7. gr. komi orðin „gildandi löggjöf samkvæmt EES-samningnum“.
 - c) Í stað orðanna, sem er að finna í skjölunum í II. til VI. viðauka, „aðildarríki“ komi orðin „aðildarríki ESB eða EFTA-ríki“, í stað orðanna „löggjöf sambandsins“ og „viðeigandi löggjöf Sambandsins“ komi orðin „EES-samningurinn“, í stað orðanna „löggjöf Bandalagsins“ komi orðin „gildandi löggjöf samkvæmt EES-samningnum“ og í stað orðsins „Bandalagsleyfi“ komi orðið „leyfi“.
 - d) Í stað texta v-liðar í 1. lið C-hluta skjalsins í II. viðauka komi orðin „virðisaukaskatt (VSK) eða veltuskatt á flutningaþjónustu“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 107, 10.4.2014, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 10.

- e) Í skjölunum sem eru í II., III., IV., V. og VI. viðauka bætist orðin „Ísland (IS), Liechtenstein (FL) og Noregur (N)“ við í allar skrár yfir alþjóðleg auðkenni og orðin „samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið“ bætist við á eftir orðunum „reglugerð (EB) nr. 1073/2009“ og á eftir orðunum „reglugerð (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþreifðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006“.
- f) Í töflu skjalsins sem er í VI. viðauka bætist við eftirfarandi skammstafanir „IS“, „FL“ og „N“.

2. Texti liðar 33c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2121/98) og 6. viðbætur falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 361/2014, sem verður birtur í *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2014 frá 16. maí 2014 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbætur við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(2) Stjútíð. ESB L 310, 30.10.2014, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 63, 30.10.2014, bls. 31.